2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 15. apríl 2005.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.

4. maí 2005 Nr. 466

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni, efnavörur eða vörur sem innihalda 0,1% eða meira af efnum sem talin eru upp í 6. viðauka.

Bann skv. 1. mgr. nær ekki til notkunar vöru (hluta) ef hún inniheldur dífenýleter, pentabróm- eða oktabrómafleiðu.

Til 31. mars 2006 nær bann skv. 1. mgr. ekki til notkunar dífenýleter, pentabrómafleiðu, í útbúnað fyrir neyðarrýmingu flugvéla.

Bann skv. 1. mgr. tekur ekki til dí-μ-oxó-dí-n-bútýltinhýdroxýbóran (DBB), ef það er notað við framleiðslu annarrar vöru þannig að innihald DBB í fullunninni vöru verði minna en 0,1%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2004/98/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun á pentabrómdífenýleter í útbúnað fyrir neyðarrýmingu flugvéla svo aðlaga megi I. viðauka að tæknilegum framförum, sem vísað er til í 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2005, þann 12. mars 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 4. maí 2005.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.